

29. apríl 2008

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð, 554 mál, heildarlög

Matvælastofnun hefur borist til umsagnar nýtt frumvarp til laga um Fiskræktarsjóð, 554 mál. Með frumvarpinu eru gerðar verulegar breytingar á hlutverki og stöðu sjóðsins innan stjórnkerfisins enda hafa meginreglur um starfsemi sjóðsins verið óbreyttar frá 1970.

Ekki eru gerðar athugasemdir við meginrætti frumvarpsins, ef frá eru talin nokkur atriði er varða 8. gr., sem snertir úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.


Í 3. mgr. 8. gr. kemur fram að sjóðnum sé heimilt að afla umsagnar Matvælastofnunar um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þygi þess þörf. Rétt er að benda á að hér ætti að standa Fiskistofa í stað Matvælastofnunar, ef frumvarp um flutning stjórnsýslu- og eftirlitsverkefna á sviði lax- og silungsveiði...etc. (þskj. 832- 531 mál) verður lögfest en þá mun Fiskistofa veita heimildir til framkvæmda í ám og vötnum í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Í sömu setningu væri einnig rétt að setja þann varnagla að Fiskræktarsjóður veiti eingöngu lán og styrki til framkvæmda í ám og vötnum, sem heimilaðar hafa verið af lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu og sjóðurinn ætti raunar að gera þá kröfu að afrit af slíkri heimild liggja fyrir. Setningin í 3. mgr. gæti því verið svohljóðandi:

Fiskræktarsjóður skal afla umsagnar Fiskistofu varðandi umsóknir um lán eða styrki vegna leyfisskyldra framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þskj. 855-554. mál.

Virðingarfyllst


Arni Ísaksson
veiðimálastjórn